

Til Umhverfisnefndar Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.apríl 2017

Fuglavernd fagnar ályktun um stofnun starfshóps til að endurskoða og endurbæta löggjöf um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Eins og áður hefur komið fram lítur Fuglavernd svo á að í núverandi mynd geti lögin ekki náð því markmiði að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna. Síðan lögin voru samin hefur Ísland staðfest alþjóðlega samninga sem varða veiðar og vernd sem þarf að taka mið af í íslensku lagaumhverfi.

Nú þegar hefur átt sér stað ítarleg vinna starfshóps á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis við að greina núverandi lagaumhverfi sem lauk með greinagóðri skýrslu¹. Kominn er tími til að halda áfram vinnu sem þá var hafin en eins og segir í ályktuninni sem um er fjallað; endurskoðun á lögnum frá 1994 er brýn.

Fuglavernd hefur áður gert athugasemdir við að lögin frá 1994 gefi stjórnvöldum ekki ráðrúm til að bregðast við breytingum á stofnstærð fugla, hlunnindaákvæði séu sumhver úreld og refsíákvæði og réttarfarskafla þurfi að skerpa svo hægt sé að beita skilvirkari refsingum. Við myndum vilja sjá að öll villt dýr væru í grunninn friðuð en afléttun friðunar vegna veiða skuli byggja á að viðkoma stofns sé nægileg. Skýrara þarf að vera hver hefur eftirlit með framkvæmd laganna og þrátt fyrir að okkar áhersla sé á fugla þá þurfa við að vera heildstæð lög fyrir öll villt dýr, einnig sjávarspendýr.

Fyrir hönd stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir

¹Vernd, veiðar og velferð viltra dýra og spendýra. Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir og Sigmar B. Hauksson: Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Reykjavík 2013.